

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 124/2021**

**frá 19. mars 2021**

**um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn (Neytendavernd)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2212 frá 20. desember 2019 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda tilteknum ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 um samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2213 frá 20. desember 2019 um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 með tilliti til tiltekinnna samskipta samkvæmt þeirri reglugerð <sup>(2)</sup>.
- 3) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 7fa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/76/EB) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

„7fb. **32019 D 2212**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2212 frá 20. desember 2019 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda tilteknum ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 um samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 159).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 159.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 163.

7fc. **32019 D 2213**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2213 frá 20. desember 2019 um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 með tilliti til tiltekinnar samskipta samkvæmt þeirri reglugerð (Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 163).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2019/2212 og (ESB) 2019/2213, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2019 frá 14. júní 2019 <sup>(3)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(<sup>3</sup>) Verður birt.